

Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag

Þekking, sjálfbærni, velferð

Inngangur

Stefna skal að því að árið 2020 verði Ísland öflugt samfélag sem stendur vörð um velferð á sjálfbæran hátt í þágu allra hópa samfélagsins.

Stefnumörkunin *Ísland 2020* er framtíðarsýn sem varð til í samtölum og samvinnu hundruða Íslendinga um land allt og samráði við landshlutasamtök, sveitarfélög, verkalyðshreyfingu og samtök í atvinnulífi. Tillögurnar eru afrakstur þessara funda, vinnu sérfræðihópa, stöðumats háskólastofnana og greiningar á því hvaða utanaðkomandi þættir gætu haft áhrif á þróunina á Íslandi næstu árin. Þessir fundir og verkefni voru undir merkjum sóknaráætlunar fyrir Ísland 2020. Markmið starfsins var að setja fram sýn sem með hlutlægum markmiðum myndi stuðla að því að Ísland yrði í fararbroddi annarra þjóða í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum.

Ísland 2020 er stefnumarkandi skjal um öflugra atvinnulíf og samfélag. Það felur í sér áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig megi styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfi og samfélagslega innviði. Áformin eru byggð á grundvallaratriðum um atvinnustefnu sem unnin var með fulltrúum verkalyðshreyfingar og samtaka atvinnulífsins, formönnum nefnda Vísinda- og tækniráðs og fulltrúum þingflokka.

Leiðarljósið frá upphafi hefur verið að setja fram heildstæða sýn og sameiginleg markmið til að tryggja markvissari og öflugri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Í kjölfarið yrðu opinberar áætlanir einfaldaðar og sameinaðar til þess að þær stuðli að eflingu atvinnu og menntunar og auðveldi endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Þannig er einfaldari áætlanagerð ætlað að tryggja betri nýtingu fjármuna og öflugt samstarf stjórnsýslustiga og stofnana.

Við stefnumótunina voru sérstaklega hafðir í huga þeir hópar sem hætt er við atvinnuleysi til langs tíma í kjölfar efnahagshrunsins. Það er aldrei mikilvægara en í efnahagskreppu að gera áætlanir sem stuðla að samfélagslegri þátttöku og virkni allra auk þess að styrkja samfélagslega innviði velferðarþjónustu, menntakerfis og menningarlífs. Gengið er út frá því að öll verkefni sem tengjast *Íslandi 2020* taki tillit til kynjasjónarmiða.

Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sem einkennist af ábyrgum vexti er hornsteinn *Íslands 2020*. Lykilþættir til að það þróist farsælega eru áherslur á samfélag þekkingar, velferðar og sjálfbærni. Til að meta hvernig gengur að framkvæma stefnuna *Ísland 2020* eru sett fram 15 mælanleg markmið sem mótast hafa í virku samráðsferli við þjóðina á undanförunum mánuðum auk 5 markmiða sem tengjast efnahagslegri hagsæld og lífsgæðum. Stefnur og opinberar áætlanir verða endurskoðaðar og samþættar til að vinna að þessum meginmarkmiðum.

Þá eru með stefnunni settar fram 30 aðgerðir og verkefni sem ætlað er að vera fyrstu skref í átt að *Íslandi 2020*. Eitt veigamesta verkefnið er fjárfestingaráætlun um þróun innviða, atvinnumála, mannauðs og samfélags. Gerð hennar kallar á einföldun, sameiningu og samþættingu allra helstu stefnumarkandi áætlana hins opinbera og mörkun fjárlagaramma til lengri tíma. Þau meginstef sem fram koma í stefnumörkuninni sem hér er sett fram voru sameiginleg hjá þorra þeirra sem komu að stefnumótun og þjóðfundum á vegum sóknaráætlunar fyrir Ísland.

Skjalinu er skipt í tvo hluta. Annars vegar framtíðarsýn og mælanleg markmið og hins vegar tillögur og verkefni á ábyrgðasviði einstakra ráðuneyta.

Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag

Þekking, sjálfbærni, velferð

Framtíðarsýn og mælanleg markmið

Samfélagsmarkmið: Velferð, þekking, sjálfbærni

Árið 2020 er markmiðið að Ísland verði fullgildur meðlimur í hópi norrænna velferðarsamfélaga þar sem félagslegt öryggi og jafnrétti íbúa er tryggt. Gott menntunarsstig, hátt atvinnustig og virk þátttaka íbúa óháð búsetu, stöðu eða kyni er grundvöllur þess að þetta takist. Það eina sem er öruggt þegar til framtíðar er litið er að miklar breytingar verða á nánasta umhverfi okkar á næstu árum. Tækniþróun er hröð en ekki síður þróun samfélagsins. Breytt fjölskyldumynstur, fjöldi nýrra þjóðfélagsþegna af öðru þjóðerni, menningarleg stéttarskipting og mikil vinna foreldra utan heimilis gerir það að verkum að huga verður að vellíðan ekki síður en hagsæld. Góð menntun og almennur jöfnuður er forsenda þess að þjóðin takist farsælega á við þessa framtíð.

Fjölmargt bendir til að huga þurfi að fleiru en hagsæld til þess að tryggja grundvöll góðs samfélags. Árið 2006 var ánægja Íslendinga með líf sitt nærri miðgildi OECD ríkjanna og hafði þá staðið í stað frá upphafi áratugarins. Á sama tíma hafði lífsánægja almennt aukist í OECD ríkjunum. Sú mikla hagsæld sem Íslendingar bjuggu við skilaði sér því ekki í aukinni lífsánægju.¹ Á undarförnum árum hefur ójöfnuður í þjóðfélaginu aukist mikið og hraðar en í öðrum ríkjum OECD. Þannig hefur Gini-stuðullinn sem mælir ójöfnuð í einni tölu milli 0 og 100 (eða hvernig samanlagðar tekjur allra einstaklinga í landinu dreifast) hækkað um 104% milli árána 1993 og 2007. Stuðullinn væri 100 ef sami einstaklingurinn hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Árið 2009 var Gini-stuðullinn á Íslandi nærri 30. Raunar er aukningin ein sú mesta sem hefur átt sér stað í hinum vestræna heimi. Því er mikilvægt að stjórnvöld móti framtíðarstefnu um skiptingu gæða samfélagsins og auki jöfnunaráhrif tilfærslna og skattkerfis í átt að fyrra marki.

Lífsgæði snúast meðal annars um velferð einstaklinga, heilbrigði og tekjur og bættu félagslega stöðu þeirra. Heilsufar er almennt gott á Íslandi, lífslíkur við fæðingu með því allra hæsta sem gerist, ungbarnadauði lægri en í flestum öðrum OECD ríkjum og hlutfall þeirra sem telja sig við góða heilsu er hærra hér á landi en í mörgum ríkjum OECD.² Það er engu að síður brýnt að bæta þjóðfélagið á þann hátt að fólk eigi auðveldara með að taka upplýstar ákvarðanir um heilbriggt lífni. Mikilvægt er að áhrif allrar stefnumótunar og aðgerða stjórnvalda séu metin m.t.t. velferðar. Heilsuefling og forvarnir sem stuðla að bættri lýðheilsu verði eflaðar með sérstakri áherslu á áfengis- og fíkniefnaforvarnir, næringu og hreyfingu, kynheilbrigði og geðheilbrigði. Mikilvægt er að mæla framfarir er kemur að huglægum þáttum eins og heilsufarsupplifun á hlutlægan hátt.

Þrátt fyrir að Ísland mælist ofarlega á lista yfir stöðu jafnréttismála í heiminum, borið saman við önnur lönd, er nokkuð í land með að fullu jafnrétti sé náð. Árið 2006 mældist Ísland með gildið 0,78 á *Global Gender Gap Index*, 2009 með gildið 0,83 og 2010 með gildið 0,85 og er Ísland í fyrsta sæti á þessum alþjóðlega mælikvarða. Til þess að hægt sé að segja að fullt jafnrétti sé til staðar þarf gildið hins vegar að vera 1 og er það langtímamarkmið Íslands.³ Halda þarf áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og samþætta kynjasjónarmið inn í opinbera stefnumörkun og aðgerðir til atvinnusköpunar. Ein mesta þátttaka kvenna á vinnumarkaði innan OECD-ríkja krefst þess að sérstaklega sé hugað að stöðu beggja kynja á

¹ Stöðuskýrsla *Ísland 2009, skýrsla Hagfræði- og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands*, bls. 109.

² Stöðuskýrsla *Ísland 2009, skýrsla Hagfræði- og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands*, bls. 107.

³ Sjá: <http://www.weforum.org/pdf/gendergap/report2009.pdf>.

vinnumarkaði, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og umgjörð barna og ungmenna í því samhengi.

Þeim sem búa við örorku hefur fjölgað stöðugt á undanförunum árum og á það sér fjölþættar skýringar m.a. hækkandi meðalaldur þjóðarinnar, breytt þjóðfélagsmynstur, aukinn fjöldi greininga á geðröskunum og aukið álag á vinnumarkaði. Um helmingur öryrkja er ánægður með líf sitt almennt. Þó telur meira en helmingur þeirra heilsu sína slæma og tæpur helmingur er óánægður með fjárhagsafkomu sína. Þegar allir þessir þættir eru teknir saman kemur í ljós að staða meirihluta öryrkja er ekki nógu góð og aðeins 8% þeirra búa að eigin mati við góða stöðu hvað heilsu, fjárhag og lífið almennt varðar.⁴

Að framansögðu má færa sterk rök fyrir því að þörf sé fyrir fleiri hlutastörf við hæfi þeirra sem hafa skerta vinnugetu sem og sveigjanlegri og umburðarlyndari vinnumarkað og vinnuveitendur. Fjölga þarf úrræðum og fræðslu, auka ráðgjöf, samhæfingu og nýtingu þeirrar þjónustu sem þegar er til staðar. Umfram allt þarf að halda fólki virku. Meirihluti öryrkja eru konur og fólk með litla eða enga framhaldsmenntun. Langflestir hafa reynslu af vinnumarkaði en hafa hlotið örorku vegna áfalla og veikinda eftir að þeir komust á fullorðinsár. Margir búa við fátækt, félagslega einangrun og þröngan fjárhag. Mikilvægt er að tekið sé tillit til alls þessa þegar unnið er að skipulagi og áætlunum er varða kerfi bóta og starfshæfnismats, sem og aðgerðum til að auka virkni og atvinnuþátttöku.⁵

Á Íslandi er þekkingarsamfélag. Hlutfall þeirra sem eru á vinnualdri er hátt og atvinnuþátttaka í alþjóðlegu samhengi mikil, einkum hjá konum og fólki yfir 65 ára aldri. Brottfall úr framhaldsskólum er hins vegar alvarlegt vandamál. Sá fjölmenni hópur á vinnualdri sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi er ekki síður áhyggjuefni. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur atvinnuleysi aukist hratt, einkum hjá ungu fólki og minna menntuðu. Það er lykilatriði að tryggja þeim hópum skólavist eða aðra menntun, endurmenntun eða annan stuðning til að forða því að langtímaatvinnuleysi hreiðri um sig. Langtímaatvinnuleysi verður ekki forðað nema með markvissum aðgerðum og stórátaki sem tryggir fjölbreytt tækifæri til náms og endurmenntunar og þar með sveigjanleika og öryggi á vinnumarkaði.

Samfélag og atvinnuhættir hafa tekið örur breytingum og við þurfum að búa okkur undir að sú þróun haldi áfram. Framlag frumgreina, fiskveiða, fiskvinnslu og landbúnaðar til þjóðarframleiðslu hefur dregist saman á undanförunum árum og nam u.þ.b. 8% af þjóðarframleiðslu (GDP) árið 2008. Ófyrirséð er hvort sú þróun haldi áfram, þar sem vegur frumgreina hefur styrkst eftir efnahagshrunið. Hefðbundinn iðnaður hefur staðið í stað undanfarinn áratug og nam hlutdeild hans árið 2008 um 16% af þjóðarframleiðslu. Byggingariðnaður nam 12% af þjóðarframleiðslu en ljóst er að hann var allt að því tvöfalt umfangsmeiri en forsendur eru fyrir til langs tíma. Þau 64% sem uppá vantar komu frá þjónustugreinum, þar af 26% frá fjármálaþjónustu. Ferðaþjónusta og skapandi greinar hafa vaxið gríðarlega. Líklegt er að fyrirtækjum og atvinnutækifærum sem greiða góð laun til framtíðar fjölgi mest í tengslum við iðnað og þjónustu, þ.m.t. hátækni og þekkingariðnað, líf- og læknávisindi, ferðaþjónustu og skapandi greinar.

Fyrir lítið nútíma hagkerfi eins og Ísland eru þekking og nýsköpun sérstaklega mikilvæg. Tækifæri til nýsköpunar liggja á öllum sviðum atvinnulífsins en ekki síst á vettvangi framleiðslu landbúnaðar- og sjávarútvegsafurða þar sem öflugt þekkingarumhverfi styður við

⁴ Guðrún Hannesdóttir, Sigríður Thorlacius og Stefán Ólafsson (2010), *Örorka og virk velferðarstefna*. Skýrsla, Þjóðmálastofnun HÍ, bls. 45.

⁵ Guðrún Hannesdóttir, Sigríður Thorlacius og Stefán Ólafsson (2010), *Örorka og virk velferðarstefna*. Skýrsla, Þjóðmálastofnun HÍ, bls. 45.

nýsköpunina á markaði sem er móttækilegur fyrir nýjungum. Í stefnu Vísinda- og tækniráðs er sérstaklega tekið á þessum áskorunum og sett fram stefna sem miðar að því að skipa okkur í fremstu röð hvað varðar rannsóknir og nýsköpun.⁶ Stefnan miðar að því að efla rannsóknir og rannsóknanáms við háskóla og stofnanir með því að nýta betur aðstöðu og auðvelda fyrirtækjum að taka þátt í rannsóknum og notfæra sér niðurstöður þeirra. Með stuðningi við rannsóknatengda nýsköpun og þverfaglegu samstarfi sprotafyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana má skapa aukin verðmæti þjóðarþúinu til heilla.

Aukin áhersla á þjónustugreinar, hugvit og sköpun er skynsamleg. Þeir sem nýta sér rafræn viðskipti og rafræn samskipti kalla á almennan aðgang að háhraðatengingum og hefur mikið áunnist á því sviði síðustu ár. Aðgangur að netinu og notkun þess er mjög almennur á Íslandi og með því mesta sem þekkt. Staða tæknilegra innviða, mannauðs og færni í upplýsingatækni er góð en framboð á rafrænni opinberri þjónustu er hins vegar alls ekki nægilegt og notkun upplýsingatækni til að greiða aðgang almennings að lýðræðislegri ákvarðanatöku er óviðunandi. Þessi staða kemur mjög skýrt fram í alþjóðlegum könnunum og felur hún í sér sóknarfæri, en árið 2010 er Ísland í 22. sæti í rafrænni stjórnsýsluvísitölu og 135-143 sæti í rafrænni þátttökuvísitölu sem Sameinuðu þjóðirnar mæla árlega. Það er eftirspurn eftir rafrænni þjónustu og hana þarf að stórauka, sérstaklega framboð á opinberri rafrænni þjónustu. Stefna ríkisstjórnarinnar *Netrikið Ísland* er vegvísir um þróun rafrænnar stjórnsýslu og nýtingu upplýsingatækni á árunum 2008-2012.⁷

Framlag Íslands til rannsókna, þróunar og nýsköpunar nemur nú um 3% af landsframleiðslu sem þykir umtalsvert og er sambærilegt við önnur þekkingarsamfélög. Þessi fjárfesting virðist hins vegar ekki skila sér nægilega vel í betri árangri fyrirtækja. Lausnin liggur ekki í að auka einhliða framlög ríkisins heldur í því að efla getu og vilja fyrirtækjanna sjálfra til að stunda rannsóknir, þróun og nýsköpun. Þetta má gera með mótframlögum rannsóknasjóða eða með öðrum hvetjandi ráðstöfunum, svo sem skattaívilnunum og bættu nýsköpunarumhverfi og þar með auka verðmætasköpun og útflutning.

Sjálfbæra þróun þarf að útfæra á þremur megin sviðum; efnahags, samfélags og umhverfis. Aðeins þegar þróunin er jákvæð á öllum þessum sviðum er hægt að tala um að hún sé sjálfbær. Þetta er mikilvægt að hafa í huga, einkum þegar hugað er að nýtingu náttúrugæða til uppbyggingar atvinnulífs eða aukinna lífsgæða. Tryggja þarf ábyrga og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og samkeppnishæft atvinnulíf. Sjálfbærni í því sem snýr að matvælum tekur m.a. til notkunar og framleiðslu á innlendum aðföngum í landbúnaði s.s. áburði, fóðri og orkugjöfum/olíu. Með því að auka innlenda matvælaframleiðslu er stuðlað að aukinni sjálfbærni og ýtt undir atvinnusköpun. Mikilvægt er að arður af sameiginlegum auðlindum sé hámarkaður til lengri tíma litið og að hann skili sér til samfélagsins alls, bæði beint og óbeint.

Auðlinda- og orkustefna á að grundvallast á sjálfbærni og miða að því að efla öryggi og velferð samfélagsins og skila því ávinningi og um hana þarf að ríkja víðtæk sátt til langs tíma. Mikilvægar forsendur slíkrar sáttar eru að þjóðin fái hverju sinni sanngjarnan arð af sameiginlegum auðlindum og að gætt sé jafnvægis milli verndar- og nýtingarsjónarmiða. Hafa þarf hagsmuni komandi kynslóða í huga við stefnumótun og framkvæmd, og skila náttúru og umhverfi eins óspilltu og kostur er til þeirra. Ósnortin náttúra er einnig auðlind, sem skilar áþreifanlegum og óáþreifanlegum ávinningi, m.a. ferðapjónustu og almennri útivist.

⁶ *Byggt á sterkum stoðum* – stefna Vísinda- og tækniráðs 2010-2012, sjá: http://www.vt.is/files/Stefna_VTR_2010-2012_198837433.pdf.

⁷ *Netrikið Ísland*, sjá: http://www.ut.is/media/Skyrslur/NETRIKID_ISLAND_stefnuskra.pdf.

Vistvæn nýsköpun (*eco-innovation*) vísar til hverskonar nýsköpunar sem leiðir til betra umhverfis, sjálfbærrar þróunar og hámarksnýtingar aðfanga á líftíma hennar. Markaður fyrir vistvænar vörur og þjónustu er ört vaxandi. Samkvæmt rannsóknum OECD eru verðmæti þeirra nú um 2,5% af landsframleiðslu ESB landanna. Íslensk fyrirtæki eiga mikla möguleika á að láta til sín taka á þessu sviði, m.a. vegna sveigjanleika þeirra og jákvæðrar ímyndar íslenskrar náttúru. Flest lönd standa frammi fyrir verulegum umhverfisvanda sem taka þarf á, m.a. vegna mikillar losunar gróðurhúsalofttegunda, uppsöfnunar úrgangs og álags á vistkerfið. Vistvæn nýsköpun skapar einstakt sóknarfæri fyrir íslensk fyrirtæki og er mikilvægt framlag til sjálfbærrar þróunar.

Til þess að fylgjast með hvernig Íslandi miðar í þá átt að verða öflugt samfélag sem byggir á varanlegri velferð, þekkingu og sjálfbærni eru sett eftirfarandi 15 hlutlæg markmið til tíu ára.

1. Að lækka hlutfall íbúa með 75% örorkumat á aldrinum 18-66 ára úr 7,3% í 5,7% árið 2020.
2. Að lækka hlutfall atvinnulausra úr 7% árið 2010 í 3% af heildarvinnuafli árið 2020.
3. Að auka jöfnuð á Ísland með lækkun Gini stuðuls fyrir ráðstöfunartekjur í um 23 árið 2020.
4. Að bæta stöðu jafnréttismála þannig að gildi jafnréttisvísitölunnar global gender gap index verði nálægt 0,9 árið 2020.
5. Að auka vellíðan og góða andlega heilsu þannig að meðaltal mælinga, samkvæmt vellíðanarkvarðanum hækki úr 26,6 árið 2009⁸ í 28 árið 2020.
6. Að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.
7. Að 4% af landsframleiðslu sé varið til rannsókna, þróunar og nýsköpunar og að hlutfall framlags fyrirtækja verði 70% á móti 30% framlagi ríkisins í samkeppnissjóði og markáætlanir.
8. Að Ísland verði meðal 10 efstu þjóða árið 2020 í rafrænni stjórnsýsluvísitölu og rafrænni þátttökuvísitölu Sameinuðu þjóðanna.
9. Að hátækniíðnaður skapi 10% af landsframleiðslu og 15% af útflutningsverðmætum árið 2020.
10. Að í samgöngum og sjávarútvegi verði a.m.k. 10% orkugjafa af endurnýjanlegum uppruna árið 2020.
11. Að Ísland taki að sér sambærilegar skuldbindingar og önnur Evrópuríki gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna árið 2020 og nettólosun gróðurhúsalofttegunda utan viðskiptakerfis lækki um 38% frá árinu 2008.
12. Að vistvæn nýsköpun og afurðir hennar verði helsta vaxtargreinin næsta áratug, með 20% árlegan vöxt í veltu sem tvöfaldist fyrir 2015, miðað við 2011.
13. Að árið 2020 gangi 75% nýrra bifreiða, undir fimm tonnum að þyngd, fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum.
14. Að hlutfall innlendrar matvöru í matvöruneyslu landsmanna aukist um 10% fyrir árið 2020.
15. Að árið 2020 verði færni íslenskra grunnskólanemenda sambærileg við 10 efstu þjóðir samkvæmt OECD PISA rannsókninni á lesskilningi og læsi á stærðfræði og raungreinar.

⁸ Stefán Hrafn Jónsson og Jón Óskar Guðlaugsson. (2010) Óbirt úrvinnsla úr gögnum rannsóknarinnar heilsa og líðan Íslendinga 2009. Sjá: <http://www.lydheilsustod.is/rannsoknir/heilsa-og-lidan-2007>.

Efnahags- og þróunarmarkmið: Hagsæld og lífsgæði

Á marga vegu eru líf skjör góð á Íslandi. Efnahagslegar framfarir á síðustu öld voru miklar sem sjá má af því að landsframleiðsla jókst á árunum 1945-2009 um 450% á mann. Þessi árangur er eftirtektarverður og hagvöxtur var meiri hér á landi frá stríðslokum en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þessa þróun má rekja til margra þátta. Alla jafna gildir að þjóðir sem iðnvæddust seint geta við rétt skilyrði náð hinum iðnvæddari nokkuð hratt. Góður gangur í efnahagslífi fyrri aldar er þó ekki ávísun á hagvöxt á nýrri öld.

Hagvöxtur er ekki ávísun á hamingju. Rannsóknir gefa vísbendingu um að þjóðartekjur og hamingja þjóða fari ekki nema að litlu leyti saman. Til dæmis ef aukning þjóðartekna er á kostnað hnignunar umhverfis og auðlinda, eða aukinnar misskiptingar í þjóðfélaginu þá getur slík aukning í reynd leitt til minnkunar velsældar. Það er því mikilvægt að bregða upp fleiri mælikvörðum á velsæld en hagvextinum einum saman. Margvíslegir mælikvarðar eru til sem beitt er til mælinga á velsæld þjóða svo sem framfarastuðullinn (Genuine Progress Indicator, GPI) og þróunarstuðull Sameinuðu þjóðanna (Human Development Index, HDI) Með þróunarstuðlinum er velsæld þjóða mæld út frá landsframleiðslu á mann, menntunarstigi og langlífi. Við getum líka kallað þetta lífsgæðabókhald þjóðanna. Hæsta stig mælikvarðans er einn og lægsta núll. Norðurlöndin hafa raðað sér í efstu sæti þess lista árum saman. Ísland var í þriðja sæti 2008 með töluna 0.969 en féll niður í 17. sæti með 0,869 fyrir árið 2009. Árið 1980 var Ísland með töluna 0.886. Framfarastuðullinn tekur ýmislegt til greina t.d. misskiptingu tekna, kostnað vegna umhverfisspjalla og ósjálfbæra nýtingu auðlinda og leiðréttir hagvaxtarmælingar með tilliti til þessara þátta auk margra annarra. Ef þjóðarframleiðsla er ekki sjálfbær er vöxtur framfarastuðulsins lægri en vöxtur þjóðarframleiðslu.

Þrátt fyrir góðan hagvöxt til lengri tíma litið hefur skort á efnahagslegan stöðugleika á Íslandi og hagsveiflur hafa verið meiri en í öðrum löndum. Skortur á stefnufestu um áratuga skeið leiddi til langtum hærrí verðbólgu en annars staðar, með tilheyrandi kostnaði, skakkaföllum og óvissu um verðmæti. Áætluð landsframleiðsla á mann er svipuð árið 2010 og hún var árin 2003-2004. Á tímabilinu þar á milli urðu hins vegar miklar sveiflur, fyrst uppsveifla fram til 2007 og síðan niðursveifla og hrun árin 2008-2010. Uppsveiflan reyndist bóla sem sprakk. Þetta var þjóðinni dýrkeypt lexía um mikilvægi efnahagslegs stöðugleika og sjálfbærs vaxtar.

Eitt stærsta verkefnið sem þjóðin stendur frammi fyrir nú er að forgangsraða upp á nýtt og setja sér skynsamlegan ramma til að tryggja í senn efnahagslegan stöðuleika og hagvöxt. Til þess þarf þjóðin að temja sér að hugsa fram í tímann í efnahags- og fjármálum. Skýr markmið og skýra stefnu þarf að setja í fjármálum hins opinbera og peningamálum. Ekki liggur síður mikið við að búa þannig um hnútana að markmiðunum verði fylgt eftir. Skýr framtíðarsýn, trúverðugur rammi fyrir efnahagsstjórn og sameiginleg langtímaáætlanagerð eru grundvallarforsendur fyrir samkomulagi og friði á vinnumarkaði. Aðilar vinnumarkaðar, önnur hagsmunasamtök og stjórnvöld þurfa því að leggjast á eitt í þessum efnum.

Efnahags og þróunarmarkmið þurfa að verða að vera skýr, auðmælanleg og skiljanleg. Jafnframt er gagnlegt að setja þau í samhengi við árangur annarra þjóða.

Efnahags- og þróunarmarkmiðin eru:

1. Að opinberar skuldir verði ekki hærrí en 60% af landsframleiðslu árið 2020.

2. Að verðbólga árið 2020 verði ekki yfir verðbólguþröngu Seðlabanka Íslands, þ.e. nú ekki hærra en 2,5%.
3. Vextir (langtímavextir) verði árið 2020 ekki hærra en tvö prósentustig umfram vexti í þeim þremur ríkjum ESB þar sem vextir eru lægstir.
4. Að Ísland verði meðal fimm efstu þjóða á kvarða þróunarstuðuls Sameinuðu þjóðanna (HDI).
5. Að vöxtur framfarastuðulsins (GPI) haldist ætíð sá hinn sami og vöxtur þjóðarframleiðslu.

Ísland 2020 er grunnur að stefnumótun og áætlunargerð íslenska ríkisins á einstökum sviðum næstu árin. Eftirfylgni með þeim 20 mælikvörðum sem hér hafa verið tilgreindir í þessum kafla um efnahags- og þróunarmarkmið og í kaflanum hér á undan um samfélagsmarkmið gefa vísbendingar um hvernig gengur að færa Ísland áfram á braut velferðar, þekkingar og sjálfbærrar þróunar. Forsætisráðuneytið ber ábyrgð á eftirfylgni Íslands 2020 gagnvart öðrum ráðuneytum og fylgir því eftir að unnið sé að þeim stefnum, áætlunum, verkefnum og aðgerðum sem fram koma hér á eftir. Árlega mun forsætisráðuneytið greina frá stöðu allra tuttugu markmiðanna.

Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag

Þekking, sjálfbærni, velferð

Tillögur

Ísland 2020 – stefnur og samstarfsráð

Sókn fyrir atvinnulíf og samfélag

Stefnumörkunin Ísland 2020 verði leiðarljós fyrir framtíðarsýn og áætlunargerð íslenska ríkisins til næstu ára. Um er að ræða 15 samfélagsleg markmið, og 5 efnahags- og þróunarmarkmið. Öll markmiðin eru töluleg, til að hægt sé að fylgja þeim eftir og meta árangurinn. Samhliða verði hafin vinna við að sameina stefnumótun og áætlanir í langtíma fjárfestingaráætlun, sóknaráætlanir landshluta o.fl. Ábyrgð: forsætisráðuneyti.

Efnahagsáætlun til 2020

Langtímaáætlun í efnahagsmálum og fjármálum hins opinbera verði unnin til 5 og 10 ára. Hún verði lögð fram reglulega í formi skýrslu til Alþingis. Í henni verði dregin fram styrkleikar og veikleikar í íslensku efnahagslífi, nauðsynleg stefnumótun og valkostir til framtíðar. Greiningin verði grundvöllur ákvarðana, umbóta og forgangsröðunar. Áætlunin verði endurskoðuð á þriggja ára fresti. Ábyrgð: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Atvinnustefna

Útfærð verði atvinnustefna út frá þeim grundvallaratriðum sem mótuð hafa verið í samráði við aðila vinnumarkaðarinnar, fulltrúa þingflokka, formenn vísindaefndar og tækninefndar og fram koma í Ísland 2020. Atvinnustefnan er mikilvægur grundvöllur fyrir aðgerðir til skemmri og lengri tíma og er mikilvægur þáttur í framtíðarsýn Íslands 2020. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti/Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Við undirbúning Sóknaráætlunar náðist breið samstaða um grundvallaratriði í atvinnustefnu til framtíðar. Að mótun þessara lykilþátta komu fulltrúar verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnulífsins, formenn vísindanefndar og tækninefndar, auk fulltrúa þingflokka á Alþingi. Til að styðja við atvinnustefnuna er framsækin menntastefna sem leggur áherslu á gæði og fjárfestingu í mannauði, rannsóknnum og þróun algjört lykiltríði. Ný atvinnustefna fyrir Ísland ætti að byggjast á eftirfarandi þáttum:

Meginmarkmið

Meginmarkið atvinnustefnu fyrir Ísland til 2020 er að skapa ný og fjölbreytt störf sem eru vel launuð og gjaldeyrisskapandi og byggja á samkeppnishæfni Íslands í heild eða sérstöðu einstakra svæða. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir og jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Samkeppnishæft rekstrarumhverfi

Megináhersla stjórnvalda á að vera á gott almennt umhverfi atvinnulífs og trausta umgjörð og leikreglur á markaði. Til að skapa umhverfi til vaxtar þarf að tryggja samkeppnishæft og sjálfbært fjármálaumhverfi og skattaumhverfi, tryggja aðgengi að innlendu og erlendu lánsfjármagni, stuðla að fjölbreyttri erlendri fjárfestingu og efnahagslegum og félagslegum stöðugleika, m.a. með stöðugum gjaldmiðli, afnámi gjaldeyrishafta, stöðugu verðlagi og heilbrigðri samkeppni auk þess að endurreisa traust og tryggja festu.

Stofnun og rekstur fyrirtækja auðveldaður

Sköpuð verði kjörskilyrði til að stofna og reka fyrirtæki með einföldun á stjórnsýslu og regluverki, sterku og einfaldara nýsköpunarumhverfi og áherslu á þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Helstu vaxtargreinar

Vöxtur í íslensku atvinnulífi þarf að vera grænn, snjall og ná til margra þátta atvinnulífsins. Helstu vaxtargreinarnar eru líklegar til að tengjast iðnaði,

frumgreinaframleiðslu og þjónustu, þ.m.t. hátækni og þekkingariðnaði, skapandi greinum og ferðaþjónustu. Skilgreining vaxtargreina verði verkefni Vísinda- og tækniráðs.

Stefnt verði að myndun klasa

Stutt verði við myndun klasa þar sem tækifæri er fyrir hendi til ábyrgs vaxtar og áhersla lögð á fjárfestingu í menntun, vísindum og nýsköpun.

Tímabundinn stuðningur við vaxtargreinar

Vaxtargreinarnar eiga að njóta sérstaks stuðnings í rannsóknum- og þróun, menntun og endurmenntun, fjárfestingum í innviðum og grunngerð samfélagsins og stuðningi við markaðssetningu Íslands.

Menntun er lykilatriði – sveigjanleiki og öryggi á vinnumarkaði

Vinumarkaður og velferðarkerfi tryggi sveigjanleika og öryggi. Til þess að styðja við atvinnustefnuna þarf framsækna menntastefnu. Sérstaklega verði hugað að öðru tækifæri til náms og starfsþjálfunar fyrir þá sem lenda tímabundið út af vinnumarkaði.

Sátt um auðlinda- og umhverfismál

Skapa þarf breiða sátt um stefnuna í auðlinda- og umhverfismálum, með áherslu á sjálfbærni og forystu Íslands í umhverfismálum.

Einföldun stjórnkerfis og stjórnsýslu

Stjórnkerfi og stjórnsýsla sem snýr að atvinnulífinu verði gert auðskilið með einföldun stuðningskerfis byggða- og nýsköpunarmála og háskóla- og rannsóknarmála, með sameiningu stofnana og sjóða og samræmingu verklags.

Áhersla á skýrar leikreglur – stjórnfestu (*good governance*)

Kallað verði eftir umræðu og tillögum um leikreglur fyrir atvinnulíf, stjórnsmál og stjórnsýslu

Samstarfsvettvangur um fyrstu aðgerðir í atvinnu- og vinnumarkaðsmálum


Settur verði á fót samstarfsvettvangur til að vinna að framgangi afmarkaðra verkefna sem falla undir *Ísland 2020* og atvinnustefnu fyrir Ísland, ekki síst á sviði atvinnuþróunar, atvinnuuppbyggingar og vinnumarkaðsmála. Markmiðið er að efna þannig til víðtæks samráðs um verkefni á þessu sviði og tryggja með því að náð verði sameiginlegum markmiðum um öflugt atvinnulíf og samfélag um allt land. Ríkisstjórnin hefur hvatt til þess að markmið verði sett um að skapa 3-5% hagvöxt hér á landi árið 2011 og a.m.k. 3-5.000 ný störf. Til samstarfsins verði kallaðir fulltrúar stjórnsmálaflokka, Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Samráð verði haft við nefndir Alþingis sem starfa á viðkomandi sviðum. Ábyrgð: Forsætisráðuneyti.

Ísland 2020 – sameining áætlana

Til þess að fylgja eftir áherslum og markmiðum Íslands 2020 þarf að gera breytingar á skipulagi hins opinbera og endurskoða þau stefnutæki sem notuð hafa verið undanfarin ár.

Fjárfestingaráætlun um þróun innviða, atvinnumála, mannaúts og samfélags

Lagt er til að allar viðameiri áætlanir ríkisins þar sem saman fara stefnumörkun, áætlanagerð og forgangsröðun fjár verði einfaldaðar, sameinaðar og samþættar. Markmiðið er að fjarlægja þá flöskuhálsa sem standa góðri efnahags- og samfélagsþróun fyrir þrifum, búa núverandi og uppvaxandi kynslóðir undir tækifæri og viðfangsefni framtíðarinnar, stuðla að sjálfbærri þróun og atvinnusköpun og tryggja skynsamlega forgangsröðun fjármuna og auðlinda í þágu lífsgæða um land allt. Ein kaflaskipt áætlun kveði á um fjárveitingar til lykilfjárfestinga sem þarf til að framtíðarsýn Íslands 2020 og aðgerðaáætlun fyrir atvinnulíf og samfélag nái fram að ganga. Í áætluninni felist jafnframt hvati fyrir samþættingu og einföldun opinberra stefna og áætlana á viðkomandi sviðum. Ábyrgð: Fjármálaráðuneytið.



Miðað verði við að áætlunin verði kaflaskipt:

1. Efnahagslegar og fjárhagslegar undirstöður áætlunarinnar:
 - a. greining á styrkleikum og veikleikum atvinnulífs og hagkerfis.
 - b. fjárhagslegt svigrúm til fjárfestinga á áætlunartímabilinu.
 - c. fjármögnun áætlunarinnar: af hálfu hins opinbera, tekjuöflun og aðrar samstarfsleiðir.
 - d. eftirlit með góðri nýtingu fjármagns.
2. Innviðir:
 - a. samgöngur,
 - b. orka,
 - c. umhverfismál,
 - d. samskipti og gagnaflutningar.

3. Atvinnuþróun, rannsóknir og nýsköpun:
 - a. ferðamál,
 - b. skapandi greinar,
 - c. hátækni,
 - d. vísindi, rannsóknir og þróun,
 - e. sóknaráætlanir landshluta - byggðamál.

4. Mannauður:
 - a. jafnréttismál,
 - b. starfsþjálfun og endurmenntun,
 - c. umbætur í skólamálum,
 - d. háskólar, nýsköpunar- og þekkingarsetur.

5. Þjónusta og samfélag:
 - a. efling sveitarfélaga,
 - b. húsnæðismál,
 - c. heilbrigðisstofnanir,
 - d. menningarstofnanir og söfn.

Sóknaráætlanir landshluta

Sóknaráætlanir verði unnar fyrir hvern landshluta. Þær taki mið af svæðaskiptingu Sóknaráætlunar, en sérstaklega komi til skoðunar að vinna sameiginlega áætlun fyrir allt Suðvesturhornið (Hvítá–Hvítá) og áætlun fyrir allt Norðurland. Auk fjármögnunar einstakra verkefna í fjárfestingaráætlun til langs tíma verði utanumhald og einstök verkefni sóknaráætlana landshluta fjármagnaðar með sameiningu vaxtarsamninga, menningarsamninga og endurskipulagningu og sameiningu á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar. Áætlanirnar leggi markmið *Íslands 2020* til grundvallar, auk hugmynda og áherslna sem fyrir liggja eftir þjóðfundi landshluta og stefnumörkun landshlutasamtaka í kjölfar þeirra. Forgangsröðun einstakra verkefna á hverju svæði verði á hendi heimafólks. Skilgreindur verði sameiginlegur vettvangur sveitarstjórna og fulltrúa atvinnulífs og stofnana á hverju svæði sem komi í stað hinna ýmsu stjórna og nefnda sem koma að málum í núverandi skipulagi. Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti/iðnaðarráðuneytið.

Sóknaráætlanir landshluta feli í sér forgangsröðun og tillögugerð sem taki m.a. til:

- Gerðar svæðisskipulagsáætlunar sem skilgreini stefnu um landnotkun á hverju svæði.
- Áætlunar um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu.
- Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði.
- Áætlunar um uppbyggingu grunnnets samgangna um land allt sem verði lokið fyrir árið 2020.
- Áætlunar um samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta og eflingu almenningssamgangna innan svæða út frá þeim.
- Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum um land allt.
- Stuðnings við klasasamstarf fyrirtækja þar sem skilyrði eru fyrir hendi.
- Einföldunar og endurskipulagningar á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á viðkomandi svæði.
- Vinnumarkaðs- og menntaáætlana viðkomandi svæðis sem taki mið af þörfum beggja kynja.

- Stefnu um samstarf milli menntastofnana annars vegar og þekkingar- og nýsköpunarmiðstöðva hins vegar á hverju svæði.
- Menningar- og ferðamálastefnu fyrir viðkomandi svæði.
- Eflingar rafrænnar þjónustu og endurskipulagningar á opinberri þjónustu á hverju svæði.

Umbætur í opinberri stjórnsýslu og- þjónustu

Unnin verði umbótaáætlun um nauðsynlegar breytingar á opinberri stjórnsýslu, þjónustu og rekstri. Áætlunin taki mið af þjónustusvæðum Íslands 2020, áætlunum um eflingu sveitarstjórnarstigsins, endurskipulagningu löggæslu, heilbrigðis- og velferðarþjónustu og þeirri brýnu þörf sem er fyrir hagræðingu í opinberum rekstri. Sérstaklega verði hugað að hugmyndum um þverfaglegar þjónustumiðstöðvar ríkis- og sveitarfélaga í heimabyggð (one-stop-shop). Setja þarf tímasetta áætlun um eflingu rafrænnar stjórnsýslu og rafrænnar þjónustu á vefnum þar sem íbúar geti sinnt eigin erindum, alls staðar, allan sólarhringinn. Ábyrgð: Hlutaðeigandi ráðuneyti. Á vegum forsætisráðuneytisins verði myndaður samráðsvettvangur um gerð áætlunarinnar.

Einföldun, fækkun og samþætting lögbundinna stefna og áætlana

Samhliða vinnu við gerð fjárfestingaráætlunar til langs tíma og sóknaráætlana landshluta er lagt er til að unnar verði heildstæðar tillögur að breyttu skipulagi og aðferðarfræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnsýslunnar. Markmiðið er að bæta yfirsýn og bæta vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi. Ábyrgð: Hlutaðeigandi ráðuneyti. Á vegum forsætisráðuneytisins verði myndaður samráðsvettvangur vegna samþættingar.

Lögbundnar stefnur og áætlanir til samþættingar og einföldunar:

- Samgönguáætlun
- Samskiptaáætlun
- Byggðaáætlun
- Ferðamálaáætlun
- Heilbrigðisáætlun
- Löggæsluáætlun
- Skipulagsáætlun
- Orkustefna
- Menntastefna
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar
- Netríkið Ísland, stefna um upplýsingasamfélagið
- Áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins
- Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði
- Þingsályktun í málefnum innflytjenda
- Þingsályktun í jafnréttismálum
- Þingsályktun í málefnum barna og ungmenna

Ísland 2020 – einstök verkefni til að fylgja eftir stefnumörkun og atvinnustefnu

Menntun er lykilatriði

Menntun er lykilatriði til að búa sig undir framtíðina og takast á við breytingar, jafnt fyrir einstaklinga og samfélagið. Mikilvægt er að þetta tengist allri annarri stefnumótun. Hugsu þarf af metnaði um allt skólakerfið, frá fyrsta degi í leikskóla. Þörf fyrir menntun og endurmenntun lýkur aldrei.

Til að skapa jafnvægi við hefðbundin grunnatriði í menntun eins og lestur, stærðfræði og íslensku þarf um leið að leggja áherslu á hæfnisþætti eins og upplýsingalæsi, sjálfstæði, frumkvæði, gagnrýna hugsun, samfélagslega ábyrgð, þátttöku eða virkni og síðast en ekki síst siðfræði. Leggja þarf áherslu á sköpun á öllum skólastigum með markvissri þjálfun listrænnar og hagnýtrar sköpunar. Nýta þarf hugmyndafræði leikskólamenntunar um að læra í gegnum leik víðar í skólakerfinu. Samþætting nýsköpunar við allt nám er lykilorð og menntun kennara er mikilvæg, sérstaklega þverfagleg menntun og skilningur á fjölþættari fræðasviðum en þeir hafa nú. Leitast þarf við að tengja skólastarf við nýsköpun, t.d. með skipulegum heimsóknum starfandi listamanna og hugvitsmanna í skóla.

Mikilvægt er að jafnvægi og tengsl séu á milli skapandi greina og stærðfræði og raungreina. Koma þarf á fót tæknimiðstöð sem myndi vekja athygli og áhuga barna og unglinga á raungreinum og örva nýsköpun. Huga þarf að menntun kennara í þessum greinum. Fjölga þarf iðn- og tæknimenntuðu fólki á Íslandi. Gera þarf verknám að raunverulegum valkosti í skólakerfinu og auka virðingu fyrir verknámi og verkfærni. Mikilvægt er að öflug náms- og starfsráðgjöf sé fyrir hendi bæði á efri stigum grunnskólans og í framhaldsskólum.

Vinna þarf gegn brottfalli úr framhaldsskólum bæði með félagslegri og námslegri nálgun. Sterk tengsl framhaldsskólans við verknám eru mikilvæg. Efla þarf markvisst námskeiðahald til færni- og réttindaaukningar fyrir þá sem falla út úr námi eða misst hafa vinnu. Stórátak þarf til að koma til móts við þann hóp. Fjölga þarf háskólamenntuðu fólki í grunnnámi, framhaldsnámi og doktorsnámi og fjölga þarf erlendum nemendum sem ljúka prófi við íslenska háskóla. Tryggja þarf gæði háskólamenntunar með öflugum gæðamati. Lykilatriði er að nota matskerfi sem byggist á viðurkenndum alþjóðlegum mælikvörðum.

Skoða þarf hvað það er sem hindrar frekari samvinnu háskólanna. Sömuleiðis þarf að skoða fjármögnun þeirra og hvernig mismunandi gjaldtaka og kostnaðarpátttaka hefur áhrif á möguleika til samvinnu. Greina þarf starfsemi háskóla í landinu, m.a. út frá rekstrarhagkvæmni og menntastefnu, og móta síðan stefnu um fjölda og starfsemi sjálfstæðra háskólastofnana. Bæta þarf tengingu háskóla og atvinnulífs í rannsóknum og kennslu. Huga þarf að eflingu rannsóknastarfsemi sem sprettur af þörfum atvinnulífs og fer fram á vegum háskóla, einstaklinga eða fyrirtækja, en undir faglegri stjórn sérfræðinga. Huga þarf að hætta á hagsmunaárekstrum.

Auka þarf fé í samkeppnissjóðum á sviði nýsköpunar og rannsókna, enda viðurkennt að samkeppni auki gæði. Tryggja þarf betur gagnsæi við meðferð þess almannaþjórns sem fer til nýsköpunar. Stuðla þarf að fjölbreytni og auka þverfræðileika nýsköpunarverkefna og rannsókna. Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Græna hagkerfið

Græn atvinnustarfsemi er eitt mikilvægasta sóknarfæri Íslands til næsta áratugar. Til að nýta það þarf að huga að innviðum, mannauði, umhverfismálum, sjálfbærri nýtingu auðlinda, skattalegu umhverfi, auk umhverfis rannsókna og þróunar. Sérstaklega þarf að huga að hlutverki menntakerfisins þannig að tryggja megi að ungu fólki og atvinnulausum verði sköpuð tækifæri til menntunar á sviðum þar sem vaxtarfæri eru fyrir hendi og skortur er á starfsfólki. Unnið er að heildstæðum tillögum um eflingu grænnar atvinnustarfsemi í þverpólitískri nefnd samkvæmt ákvörðun Alþingis. Gert er ráð fyrir að hún skili tillögum sínum og aðgerðaráætlun eigi síðar en í mars 2011. Jafnframt verði kannaðar forsendur þess að mynda og styðja við klasasamstarf á sviði orku- og jarðhitamála. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið.

Skapandi greinar

Skapandi greinar eiga stærri þátt í varanlegri verðmætasköpun síðustu ára en flestir hafa viðurkennt. Meðal þeirra eru jafnframt þau fyrirtæki sem eru í hvað örustum vexti í kreppunni. Jafnvel hefur verið áætlað að hugvitsiðnaðurinn geti ráðið um 3.000 manns til starfa á næstu þremur árum. Til að tryggja að þessi vöxtur verði þarf að kortleggja hvað stendur honum fyrir þrifum og vinna tillögur um úrbætur þar sem þarf. Stutt verði við markaðssókn erlendis fyrir listir, menningu, hönnun og hugvitsgreinar. Þá verði hugað að hlutverki menntakerfisins þannig að tryggja megi að ungu fólki og atvinnulausum verði sköpuð tækifæri til menntunar á sviðum þar sem vaxtarfæri eru fyrir hendi og skortur er á starfsfólki Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið/Iðnaðarráðuneytið.

Vaxtarsamningur um ferðapjónustu

Unninn verði samningur byggður á sameiginlegri sýn á vöxt í ferðapjónustu næstu 10 ár. Hann feli í sér markmið um sameiginlega markaðssetningu, lengingu ferðamannatímans, nauðsynlega uppbyggingu innviða, gæðastarf og aðra þætti sem mikilvægt er að huga að til að tryggja öruggan, ábyrgan og farsælan vöxt þessarar mikilvægu greinar. Menningar-, heilsu-, lífsstíls- og vetrarferðir verði áhersluatriði. Sérstaklega verði hugað að því að efla rannsóknir og gagnaöflun til að styðja við vöxt og verðmætasköpun í greininni. Að samningnum og fjármögnun hans komi samtök og fyrirtæki í ferðapjónustu ásamt stjórnvöldum og fulltrúum sveitarfélaga. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið.

Klasasamstarf í sjávarútvegi og matvælaiðnaði

Greind verði tækifæri til að styðja við öflugt klasasamstarf á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar. Innan þessara greina liggur víðtæk þekking og reynsla sem mikilvægt er að nýta til frekari þróunar og nýsköpunar í iðnaði, markaðssetningu og fullvinnslu afurða. Alþjóðleg umhverfisvottun og sóknarfæri sem af henni leiða verði þar tekin til sérstakrar skoðunar. Jafnframt því verði svigrúm bænda til heimaframleiðslu, vöruþróunar og heimasölu markvisst aukið sem liður í ferðapjónustu ásamt því að aukið og stutt verði við upprunamerkingar og lífræna framleiðslu og ræktun í matvælaframleiðslu. Ábyrgð: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið/Iðnaðarráðuneytið.

Efling sveitarstjórnarstigsins

Stefnt verði að stóreflingu sveitarstjórnarstigsins með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga og sameiningu og auknu samstarfi sveitarfélaga til að auka samfélagsþrótt í hverri byggð. Drög að áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins liggur fyrir. Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Landsskipulag

Unnið verði landsskipulag sem taki m.a. mið af markmiðssetningu Íslands 2020, svæðisskipulagi landshluta og niðurstöðum rammaáætlunar um auðlindanýtingu og náttúruvernd. Ábyrgð: Umhverfisráðuneytið.

Svæðisskipulag frá Hvítá til Hvítár

Unnið verði svæðisskipulag fyrir SV-horn landsins, frá Reykjanesbæ í vestur, Borgarnesi í norður og Árborgar til austurs. Ábyrgð: Umhverfisráðuneytið.

Mótun höfuðborgarstefnu

Í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu verði mótuð borgarstefna sem nái til hlutverks Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins sem heildar, tækifæra sem þar felast, umgjörðar atvinnulífs og mannlífs, umhverfismála, þróun og innviða, íbúalýðræðis og stjórnkerfis, veikleika sem vinna þarf gegn og styrkleika sem byggja má á auk þess að skilgreina skyldur höfuðborgarinnar við landið í heild. Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

Orkuskipti í samgöngum

Ísland verði leiðandi í tilraunum, framleiðslu og notkun vistvænni orkugjafa í samgöngum og samþykkt verði áætlun í því efni sem byggist á samvinnu stjórnvalda, sveitarfélaga og orkufyrirtækja. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið.

Miðstöð Norðurslóðamála

Ísland verði forysturíki í málefnum Norðurslóða og kannaðir verði möguleikar á því að höfuðstöðvar Norðurheimskautsráðsins verði hér á landi. Utanríkisráðuneytið vinnur að mótnun heildstæðrar stefnu í málefnum norðurslóða sem taka mið af hagsmunum Íslendinga í víðu samhengi með tilliti til legu landsins, öryggisþátta og tækifæra í tengslum við aukna sókn í auðlindir norðursins og loftslagsbreytingar. Undirbúningur stefnumörkunarinnar er vel á veg kominn. Ábyrgð: Utanríkisráðuneytið/umhverfisráðuneytið.

Sameining háskóla

Unnar verði tillögur um aukna samvinnu og mögulega sameiningu háskóla- og háskólastofnana sem hafi að markmiði að tryggja fjölbreytni og gæði í kennslu og rannsóknum. Nota þarf matskerfi sem byggist á viðurkenndum alþjóðlegum mælikvörðum og bæta tengingu háskóla og atvinnulífs í rannsóknum og kennslu, þar sem sjálfstæði háskóla verði tryggt. Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Vísindaporp í Vatnsmýri

Vísinda- og tækniráð hefur um árábil lagt áherslu á þá möguleika til nýrrar sóknar sem felast í sameiningu opinberra rannsóknastofnana og nábyli þeirra við háskóla og þekkingarfyrirtæki. Lagt er til að hafið verði markvisst starf í þessum efnum til að nýta betur fjármagn og mannafla og búa til þekkingarumhverfi á svæði háskólanna í Vatnsmýri sem staðið getur jafnfætis alþjóðlegri þróun í þeim efnum. Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Sameining rannsókna og atvinnuvegasjóða

Sameining rannsókna- og atvinnuvegasjóða undir hatti RANNÍS er tímabær og mikilvæg. Víðtæk sátt hefur verið um þá stefnu að stuðningur við rannsóknir og þróun fari fram á faglegum grunni í gegnum samkeppnisjóði og markáætlanir Vísinda- og tækniráðs. Mikilvægt er að áherslur í markáætlunum styðji við nýja atvinnu- og menntastefnu. Ábyrgð: Forsætisráðuneytið/mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Áætlun í mannréttindamálum

Fullgilda og leiða þarf í lög þá mannréttindasamninga sem Ísland hefur undirritað ásamt því að gera áætlun í mannréttindamálum að norrænni fyrirmynd. Ábyrgð: Innanríkisráðuneyti.

Fjárfestingar

Marka þarf skýra stefnu um erlenda fjárfestingu og vinna markvisst að því að greiða fyrir fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Sérstaklega þarf að huga að möguleikum til að afla þolinmóðs fjármagns fyrir innviði og áhættufjárfestingar á þekkingar og nýsköpunarviðinu. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið.

Stofnun Auðlindasjóðs

Stofnaður verði auðlindasjóður sem fer með ráðstöfun arðs af auðlindum í eigu þjóðarinnar. Arður af rekstri sjóðsins renni til atvinnuuppbyggingar. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið/umhverfisráðuneytið.

Aukinn jöfnuður og virkari velferð

Unnin verði áætlun um aukinn jöfnuð og virka þátttöku í samfélaginu. Tryggja þarf börnum góðan og öruggan aðbúnað í uppveiti. Endurskoða þarf heildarkerfi bóta og örorku út frá getu einstaklinga og snúa við þeirri þróun sem verið hefur þar sem öryrkjum fjölga stöðugt. Tryggja þarf með markvissum hætti afkomu tekjulægstu hópa samfélagsins, auka jöfnuð og útrýma langtímafátækt. Þeim sem vegna sjúkdóma, fötlunar, aldurs eða félagslegra aðstæðna geta ekki tekið virkan þátt í samfélaginu sé veitt viðeigandi þjónusta og hjálp til sjálfshjálpar. Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Efling þjóðgarða og umhverfismál ferðaþjónustu

Framkvæmdasjóður ferðaþjónustu, þjóðgarða og friðlýstra svæða verði stofnaður með innheimtu ferðamannagjalds. Sjóðurinn renni til fjárfestinga í innviðum til að tryggja að vöxtur í ferðaþjónustu og heimsóknir í þjóðgarða og friðlýst svæði valdi ekki röskun eða spjöllum. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið/umhverfisráðuneytið.

Aukin samkeppnishæfni og ráð um samkeppnishæfni

Í stöðuskýrslu Sóknaráætlunar 2020 liggja fyrir tillögur um lykilþætti sem snúa að aukinni samkeppnishæfni landsins. Þær hafa verið unnar af sérfræðingum víðs vegar úr samfélaginu. Til að fylgja tillögum og stefnumótun eftir verði m.a. stofnað ráð um samkeppnishæfni að erlendri fyrirmynd, með beinni aðkomu ráðherra ríkisstjórnarinnar og fulltrúa atvinnulífs, háskóla og samfélags, sbr. Vísinda- og tækniráð. Ábyrgð: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Lífsgæðabókhald og kynslóðareikningar

Lagt er til að þjóðhagsreikningar sem meta lífsgæði verði útvíkkaðir og upplýsingar til útreikninga á GPI (*Genuine Progress Indicator*) og HDI (*Human Development Index*) verði safnað og fylgt eftir. Jafnframt verði þróaðar leiðir til að setja fram kynslóðareikningar, þannig að áhrif ákvarðana, stefnu og skuldbindinga sem verið er að takast á liggi ljós fyrir, ekki aðeins til skamms tíma heldur til framtíðar. Ábyrgð: Fjármálaráðuneytið/efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Sanngjarnt og samkeppnishæft skattkerfi

Ráðist verði í endurskoðun á skattkerfinu til að tryggja norræna velferð, samkeppnishæft atvinnulíf og sanngjarna tekjuskiptingu. Ábyrgð: Fjármálaráðuneytið.

Stutt verði við myndun og vöxt klasa

Stutt verði við myndun klasa þar sem tækifæri eru fyrir hendi til ábyrgs vaxtar og áhersla lögð á fjárfestingu í menntun, vísindum og nýsköpun. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneytið.



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

forsaetisraduneyti.is/2020

Janúar 2011